



Leiðbeiningar um aðgangsupplýsingar og kosningu


I. Skráning á fund og aðgangsupplýsingar

Hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingarnar sínar fyrir þátttöku á fundinum með því að fylgja þessum leiðbeiningum:

- Heimsækið <http://www.lumiconnect.com/meeting/arionbanki2023> og ýtið/smellið á „register“ hnappinn.
- Skráningarsíða opnast, þar skrá hluthafar inn nauðsynlegar upplýsingar í viðeigandi reiti, setja inn mynd af gildum skilríkjum og hlaða upp afriti af umboði ef við á.
- Mikilvægt er að hluthafar skrái rétt **netfang** og **farsímanúmer** með viðeigandi **landsnúmeri**, öðrum kosti er ekki hægt að tryggja að aðgangsupplýsingar skili sér á réttan stað eða skili sér á annað borð.
- Þegar skráningu er lokið fá hluthafar sjálfkrafa tölvupóst á uppgefið netfang til staðfestingar um að beiðni um þátttöku á fundinum hafi borist.
- Fyrir hádegi á fundardegi munu hluthafar fá annan tölvupóst sem inniheldur hlekk á Lumi AGM svæðið sem fundurinn verður haldinn rafrænt á ásamt notandanafni. Lykilorð verður sent með smáskilaboði á það farsímanúmer sem hluthafi gaf upp við skráningu.

II. Kosning með Lumi AGM

Að kjósa um tillögur og önnur mál sem lögð eru fyrir hluthafafund er auðvelt og aðgengilegt með því að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- Opnað verður fyrir kosningu á fundinum klukkan 16:00.
- Smelltu á hlekkinn á fundinn sem berst með tölvupósti. Þó er einnig hægt að stimpla inn fundarkóðann, sem einnig berst með tölvupósti, í „meeting ID“ reitinn.
- Fylltu út viðeigandi reiti með þínu notandanafni (e. *Username*) og lykilorði (e. *Password*), í samræmi við kafla I. hér að ofan.
- Listi með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum má finna með því að ýta/smella á , merkt „VOTING“.
- Ýttu/smelltu á viðeigandi valmöguleika við hverja og eina tillögu eftir því hvernig þú vilt kjósa.
 - Þegar valmöguleiki hefur verið valinn birtast staðfestingarskilaboð.
 - Ýttu/smelltu á annan valmöguleika til að skipta um skoðun, sá valmöguleiki sem síðast er valinn gildir.
- Ýttu/smelltu á “Cancel” til að hætta við.